

SKÝRSLA STJÓRNAR SSA STARFSÁRIÐ 2001-2002

Á 35. aðalfundi SSA sem haldinn var á Vopnafirði 23. –24. ágúst 2001 voru eftirtalin kjörnir aðalmenn í stjórn SSA starfsárið 2001 - 2002: Smári Geirsson, Eyjólfur Guðmundsson, Soffía Lárusdóttir, Sigurlaug Gissurardóttir, Ragnhildur Steingrimsdóttir, Þorbergur Hauksson, Hafþór Róbertsson, Líneik Anna Sævarsdóttir og Gunnþór Ingvason. Formaður var kjörinn Smári Geirsson, fyrsti varaformaður Sigurlaug Gissurardóttir og annar varaformaður Soffía Lárusdóttir. Framkvæmdaráð SSA skipa þau Smári, Sigurlaug og Soffía. Varamaður í framkvæmdaráð var kjörinn Hafþór Róbertsson. Verður nú sem endranær í skýrslu þessari getið um helstu verkefni, sem stjórn og skrifstofa sambandsins hafa unnið að á starfsárinu.

STJÓRNARFUNDIR OG FRAMKVÆMDARÁÐSFUNDIR

Á starfsárinu voru haldnir alls 11 fundir, 8 stjórnarfundir og 3 framkvæmdaráðsfundir. Eins og áður var reynt að dreifa fundum um starfssvæði SSA og fundir haldnir á eftirtöldum stöðum; Vopnafirði, Breiðdalsvík, Reyðarfirði, Austur-Héraði, Hornafirði, Seyðisfirði . Fjarfundir og símafundir voru 5.

FRÉTTABRÉF / HEIMASÍÐA SSA

Svo sem venja er til hefur skrifstofa SSA gefið út fréttabréf með efni frá fundum stjórnar og starfsnefndanna ásamt ýmsu öðru efni. Á þessu starfsári komu út 2 fréttabréf, nr. 107 og 108, alls 136 bls., fjölfölduð á skrifstofu SSA og send út í um 205 eintökum til allra aðalmanna í sveitarstjórnnum á Austurlandi frá skrifstofum sveitarfélaganna. Ennfremur fá það bæjarstjórar, sveitarstjórar, oddvitar , þingmenn kjördæmisins, Samband íslenskra sveitarfélaga, landshlutasamtök sveitarfélaga, austfirskir fjölmiðlar og ýmsar stofnanir og áhugamenn um sveitarstjórnarmál í fjórðungnum. Á heimasíðu SSA á netinu eru fundargerðir og aðrar upplýsingar sem nauðsynlegt er talið að koma á framfæri til aðila. Slóðin er www.ssa.is. Heimsóknnum sveitarstjórnarmanna og annarra aðila á heimasíðuna hefur fjölgað mikið nú í ár en þær fóru frekar seint í gang í upphafi.

SAMBAND ÍSL. SVEITAREF. / LANDSHLUTASAMTÖK SVEITAREF.

Samskipti SSA og Sambands íslenskra sveitarfélaga hafa verið með nokkuð föstu sniði. Auk þátttöku formanns og framkvæmdastjóra í fjármálaráðstefnu Sambands íslenskra sveitarfélaga sl. haust sótti formaður fulltrúaráðsfund í Hveragerði. Forsvarsmenn sambandsins fá jafnan boð um að senda fulltrúa á aðalfundi okkar. Stjórnarmaður Austfirðinga í Sambandi íslenskra sveitarfélaga fær ætíð fundarboð og fundargerðir stjórnarfunda SSA, sem á að auka mjög tengslin milli þessara tveggja stofnana. Landshlutasamtök sveitarfélaga, sem eru 8 talsins, hafa ennfremur með sér ákveðið samstarf. Auk hefðbundinna sameiginlegra funda formanna og framkvæmdastjóra þeirra með stjórn Sambands íslenskra sveitarfélaga hittast hinir fyrrnefndu með reglubundnum hætti og fjalla um ýmis sameiginleg málefni. Tveir formlegir fundir voru haldnir á starfsárinu. Einnig reyna menn þess utan að skiptast á upplýsingum, er varða starf einstakra landshlutasamtaka og geta notast hinum í starfi þeirra. Samtök sveitarfélaga á Vesturlandi hafa stýrt þessum samskiptum á starfsárinu og var sumarfundur á Vesturlandi 27. og 28. júní s.l.

Öðrum landshlutasamtökum er ævinlega boðið að senda fulltrúa sína á aðalfundi SSA og á sama hátt fáum við boð um að sitja aðalfundi þeirra. Framkvæmdastjóri sótti aðalfund Eyþings.

SAMSKIPTI SSA OG EYÞINGS.

Samráðsnefnd um samstarf SSA og Eyþings hélt einn formlegan fund á árinu . Formenn og framkvæmdastjórar SSA og Eyþings hittust á 3 formlegum og óformlegum fundum.

Starfshópur um málefni Norðausturhornins (Öxarfjörður-Vopnafjörður) hélt tvo sameiginlega fundi. Honum er ætlað að skoða sérstaklega stöðu svæðisins í nýju kjördæmi og hverra leiða skal helst leita til að styrkja og efla svæðið til framtíðar. Áhersla er m.a. lögð á atvinnuþjónustu og samgöngumál. Starfshópurinn skipa frá Eyþingi : Jóhannes Sigfússon og Sigurður Halldórsson frá SSA Þorsteinn Steinsson og Steinar Hilmarsson. Greinargerð starfshópsins verður vísað til viðeigandi nefndar hér á aðalfundinum.

SAMSKIPTI VIÐ ÞINGMENN

Í tengslum við fjármálaráðstefnu sveitarfélaga sem nú var haldin í Reykjavík 10-11 október og sveitarstjórnarmenn frá Austurlandi sækja ætíð vel, voru þingmenn kjördæmisins til viðtals við sveitarstjórnir síðari daginn í sama húsnæði og ráðstefnan fór fram í að Hótel Sögu. Framkvæmdastjóri SSA skipulagði viðtölin í samráði við 1. þingmann Austurlands. Almenn ánægja er með þetta fyrirkomulag hjá þingmönnum og sveitarstjórnarmönnum og er ákveðið að hafa sama háttinn á fjármálaráðstefnunni á komandi hausti. Önnur landshlutasamtök hafa rætt um að taka upp svipað samskipta fyrirkomulag við sína þingmenn.

Formaður og framkvæmdastjóri reyna eins og frekast er kostur að fylgja eftir samþykktum aðalfunda og hafa átt mikil og góð samskipti vegna þessa við þingmenn og fagráðherra á starfsárinu v/ m.a stóriðjumála, menningarmál, laxeldis-, heilbrigðis-, samgöngumála og fleiri mála.

Þingmönnum kjördæmisins er ætíð boðið á aðalfundi SSA og mæta undantekningalaust, geti þeir það vegna annarra starfa. Svo mun einnig verða nú og vegna kjördæmabreytingar hefur þingmönnum Norðurlands eystra og Suðurlands verið boðið að sitja fundinn nú eins og síðustu tvo aðalfundi.

Mikilvægt er fyrir framvarðarsveit SSA, bæði stjórn og starfsnefndir að eiga þess kost að funda með þingmönnum á ári hverju til skoðanaskipta og fylgja eftir ýmsum baráttumálum fjórðungsins. Að sama skapi hlýtur að vera gagnlegt fyrir þingmenn með setu á aðalfundunum að eiga aðgang á einu bretti að flestum talsmönnum Austurlands í sveitarstjórnarmálum og fá hjá þeim vegarnesti fyrir störf sín á þingi. Eru þingmönnum hér með þökkun góð samskipti fyrr og nú með vissu um að bæði þeir og heimamenn muni áfram telja sér hag í þeim.

SAMSTARF UM ATVINNU- OG BYGGÐAMÁL

Náið og gott samstarf er milli stjórnar SSA og starfsmanna Þróunarstofu Austurlands og situr framkvæmdastjóri eftir þörfum fundi með þeim. Helstu samstarfsverkefni sem unnið er að á starfsárinu eru:

Virkjunar- og álversmál á Austurlandi. Aðrir nánir samstarfsaðilar eru Landsvirkjun Iðnaðarráðuneytið, Athygli, STAR, Fjárfestingarstofan o.fl. Formaður og framkvæmdastjóri hafa setið fjölda funda hér eystra og í Reykjavík þar sem þessi mál hafa verið til umræðu .Einnig hafa þeir ásamt fulltrúum viðkomandi sveitarfélaga tekið á móti fulltrúum Norsk Hydro , Alcoa o.fl þegar þeir hafa heimsótt Austurland . Sjá nánar um þessi mál í skýrslu Orku- og stóriðjunefndar til aðalfundarins.

FAG: samstarfshópur atvinnulífs á Austurlandi: Hópurinn sem myndaður var í upphafi árs 2001 fékk það hlutverk að móta aðgerðir til að undirbúa atvinnulífið í fjórðungnum fyrir stórfamkvæmdir s.s. við uppbyggingu stóriðju og virkjana. Hann var skipaður 10 manna framkvæmdanefnd aðila úr atvinnulífinu. Verkefnisstjórar voru Elín Sigríður Einarsdóttir Hönnun ehf. og Gunnar Vignisson frá Þróunarstofu. Opnaður hefur verið sérstakur upplýsingavefur (www.austur.is/tjonustuvefur.) um iðnað, verktakastarfsemi, þjónustu og verslun á Austurlandi. Tilgangur er m.a. að koma á framfæri upplýsingum um fyrirtækin og þjónustu þeirra. FAG gaf út í sl. mánuði kynningarrit, sem sent var til allra sveitarfélaga og atvinnufyrirtækja á Austurlandi. Þar koma fram ályktanir og tilmæli til atvinnufyrirtækja, sveitarfélaga og SSA um hvað gera þurfi til að undirbúa sig sem best fyrir væntanlegar stórfamkvæmdir á Austurlandi.

Tilmæli faghópa atvinnulífsins til SSA og sveitarstjórna mun fá umfjöllun í starfsnefnd hér á þessum aðalfundi.

Viðtæk kynning á kostum Austurlands er samstarfsverkefni SSA STAR og Þróunarstofunnar. Verkefnið hefur verið í gangi í tvö ár. Sérstakur verktaka samningur við Athygli hf. gerði ráð fyrir að ljúka verkefninu (2. áfangi) sl. vetur. Samkomulag varð um það hjá verkefnastjórninni að fresta verklokum til ársins 2003.

MENNINGARRÁÐ OG MENNINGARMIÐSTÖÐVAR.

Á aðalfundinum í fyrra var í fyrsta skiptið kosið í menningarráð Austurlands samanber samning ríkis og sveitarfélaga á Austurlandi um menningarmál frá 14. maí 2001. Ráðið er sjö manna. Sex ráðsmanna eru frá sveitarfélögunum og einn frá Þróunarstofunni. Formaður er Gísli Sverrir Árnason Hornafirði. Ráðið gerði samning um þjónustu við menningarstarfsemi á Austurlandi við Gunnarsstofnun Skriðuklaustri. Ráðinn var menningarfulltrúi Austurlands Signý Ormarsdóttir. Mun hún gera grein fyrir starfsemi menningarráðsins hér á aðalfundinum.

Menningarmiðstöðvarnar 4 á Austurlandi hafa ákveðin verkaskipti samkvæmt samningi þar um þ.e: *Kirkjumiðstöð Eskifirði / Fjarðabyggð* áhersla til tónleika og sýningahalds, *Skafthell / Seyðisfirði* áhersla myndlist og sýningahald, *Menningarmiðstöð / Hornafirði* áhersla á söfn handverk og bókmenntir, og *Menningarmiðstöð Austur Héraðs* áhersla á sviðslistir. Ríkisjóður hefur skuldbundið sig til að koma með framlög til stofnkostnaðar sem nemur kr. 51 millj.kr til stöðvanna á þrem árum (2002-2004). Vilyrði hefur komið frá menntamálaráðherra og þingmönnum um að rekstrarstyrkir komi til menningarmiðstöðvanna eins og sveitarfélögin og SSA hafa sérstaklega óskað eftir. Án rekstrarframlaga frá ríki eru ekki líkur á að stöðvarnar geti sinnt sínum hlutverkum eins og til er ætlast í samstarfsamningi ríkis og sveitarfélaga á Austurlandi.

Samstarf í menningarmálum við ríkisvaldið með þátttöku allra sveitarfélaga á Austurlandi er fyrsta sinnar gerðar á landinu. Því er nauðsynlegt að sveitarfélögin og ríkisvaldið standi við þau fyrirheit sem samkomulagið gerir ráð fyrir.

Aðrir landshlutar og sveitarfélög hafa sýnt þessu brautryðjendastarfi okkar mikinn áhuga og vilja gjarnan feta í okkar fótspor.

Vígsla Nýheima á Hornafirði 24. ág. nk. er enn eitt dæmið um framsækni austfirskra sveitarfélaga í menningar og menntamálum. En Nýheimar hýsa Framhaldsskólann í Austur-Skaftafellssýslu, bóka og skjalasafn, Háskólaásetur á Hornafirði, frumkvöðlaásetur og rannsóknarstofur.

FERÐAÞJÓNUSTAN VAXANDI ATVINNUGREIN.

Ferðaþjónustan er vaxandi atvinnugrein í landshlutanum þó að árstíðarbundin sé. Nægir þar til að nefna beint flug LTU frá Dusseldorf á Egilsstaðaflugföll, sem nauðsynlegt er að standa vörð um, mikla fjölgun ferðamanna inn í landið með Norrænu nú í sumar og væntanlega enn meiri fjölgun á næsta ári þegar ný og stærri farþegaferja Smyril-Line hefur siglingar í maí mánuði og mikla aukningu göngufólks t.d. milli fjarða á Austurlandi.

Samstarf ferðaþjónustuaðila er að styrkjast á svæðinu og starfsemi Markaðsstofu Austurlands og Markaðsráðs Austurlands sannar sig í verki. Nauðsynlegt er að sveitarfélögin og þjónustuaðilar á Austurlandi standi dyggan vörð um starfsemi þeirra og sýni þann skilning sem nauðsynlegur er til að mæta aukinni þjónustuþörf í vaxandi atvinnugrein. Ferðamálasamtök Austurlands sem SSA er aðili að er í samstarfi við Markaðsstofuna að undirbúa þátttöku landhlutans í ferðakaupstefnu Vest-Norden sem verður á Akureyri í haust. Einnig unnu og kostuðu ferðamálasamtökin endurgerð á ferðaþjónustuvefnum á starfsárinu. Ferðaþjónustan á Austurlandi fær sérstaka umfjöllun á þessum aðalfundi með framsögu Jóhönnu Gísladóttur framkvæmdastjóra Markaðsstofu Austurlands.

FRÆÐSLUNETIÐ / SÍMENNTUN HÁSKÓLANÁM.

Í samstarfi Fræðslunets Austurlands, Þróunarstofu, SSA og framhaldsskólanna er áfram unnið gott starf við eflingu háskólanáms í fjórðungnum. Fjarmentun á háskólastigi er orðin föst í sessi sem sjálfsgöð þjónusta við íbúa landshlutans. Fram kemur í starfsskýrslu Fræðslunetsins fyrir síðasta ár að 130 nemendur voru skráðir í fjarnám á háskólastigi á haustönn á svæðinu. Með starfseminni hafa skapast ný tækifæri til menntunar í heimabyggð.

Starfsemi Fræðslunets Austurlands er kynnt með starfsskýrslu til aðalfundar.

Í nýsamþykktri áætlun Alþingis um stefnu í byggðamálum 2002-2003 er sérstaklega kveðið á um að styrkja og efla símenntunarmiðstöðvar á Egilsstöðum og Ísafirði.

Nauðsynlegt er að SSA fylgi eftir að þeim fyrirheitum ríkisvaldsins verði komið í framkvæmd.

SAMVINNA, SAMEINING SVEITARFÉLAGA.

Sveitarfélögin 7 á norðursvæði SSA hafa haldið áfram vinnu sinni með verkefnið "Mótun nýs sveitarfélags". Gerð var skoðanakönnun samfara sveitarstjórnarkosningunum í vor hjá þessum sveitarfélögum á Norðursvæðinu. Könnunin sýnir að af þeim íbúum, sem tóku afstöðu eru 60% hlynnt sameiningu en 40% andvígir. Stýrihópurinn að baki Norðursvæðisverkefninu telur að niðurstaðan hvetji sveitarfélögin til áframhaldandi vinnu við verkefnið.

Austur Hérað og Fellahreppur kusu sérstaklega, samfara sveitarstjórnarkosningunum um sameiningu sveitarfélaganna. Sameiningin var felld í Fellahreppi en samþykkt í Austur Héraði.

MÁLÞING, KYNNINGARFUNDIR, RÁÐSTEFNUR OFL.

SSA stóð ásamt samstarfsnefnd STAR/OSSA fyrir 2 kynningarfundum vegna fyrirhugaðar stóriðju hér á Austurlandi. Formaður og framkvæmdastjóri hafa auk þess mætt á fjölda funda í kjördæminu og í Reykjavík vegna atvinnumála s.s. stóriðju, laxeldisverkefna, menningarmála, kynningarmála ofl. Einnig kynntu þeir sérstaklega samþykktir aðalfundar 2001 fyrir þingmönnum, fagraðherrum og í stofnunum ríkisins á ferðum sínum í höfuðborginni eins og fram hefur komið.

FRAMTÍÐ SSA.

SSA eru landshlutasamtök ,frjáls félagasamtök sveitarfélag á Austurlandi . Þau hafa starfað sem slið frá stofnun 1966. Með stækkun og breytingu á kjördæmamörkum nú hefur eitt öflugasta sveitarfélagið í samstarfinu, Hornafjörður, fallið til annars kjördæmis, Suðurkjördæmis. Öll hin 15 sveitarfélögin falla inn í nýtt Norð-Austurkjördæmi. Í umræðum í stjórn SSA og meðal sveitarstjórnarmanna á Austurlandi kemur fram skýr vilji til áframhaldandi samstarfs sveitarfélaganna 16 á Austurlandi í SSA Samþykkt um “viljayfirlýsingu” í þá veru var samþykkt á síðasta aðalfundi og mun verða ítrekuð hér á aðalfundinum nú. Það er mat stjórnar SSA að mikill styrkur sé í því fölginn að öll sveitarfélögin á Austurlandi standi þétt saman í þeim ólgusjó breytinga sem framundan eru og á meðan séð verður hvernig samstarf og samvinna sveitarfélaga í nýjum stórum kjördæmum þróast.

Formaður og framkvæmdastjóri eru í vinnuhópi ásamt fulltrúum annarra landshlutasamtaka og fulltrúum frá stjórn Sambands íslenskra sveitarfélaga til að skoða m.a með hvaða hætti styrkja megi og efla starfsemi landshlutasamtakanna í nýju umhverfi . Ekki liggur fyrir niðurstaða úr þeirri vinnu..

STEFNA ALÞINGIS Í BYGGÐAMÁLUM 2002-2003.

Stjórn SSA hefur fjallað ítarlega um stefnu í byggðamálum 2002-2005 og ályktað um hana. Í ályktuninni er sérstaklega lýst yfir ánægju með að stefnunni fylgi tillögur um aðgerðir og tilgreind sú stofnun sem bera skal ábyrgð á hverjum framkvæmdaþætti. Aðgerðaáætlun af þessu tagi er nýlunda sem ætti að gera framkvæmd stefnu markvissari.

TILLÖGUR UM BREYTINGAR Á LÖGUM SAMBAND ÍSLENSKRA SVEITARFÉLAGA

Stjórn SSA hefur yfirfarið fyrirbyggjandi tillögur um breytingar á lögum Sambands íslenskra sveitarfélaga, en formaður sambandsins mun gera grein fyrir þeim á aðalfundinum. Breytingatillögurnar fela m.a. í sér að kosin verður sérstök nefnd til að undirbúa kjör stjórnar og fulltrúaráðs sambandsins á landsþingi. Þá er ráðgert að fjölga stjórnarmönnum úr 9 í 11 og kjörið verði í stjórn á grundvelli nýrra kjördæma. Þá eigi 49 fulltrúar setu í fulltrúaráði en stjórnarmenn verði sjálfkjörnir til setu í ráðinu. Gert er ráð fyrir að landsbyggðakjördæmin fjögur fái hvert tvo fulltrúa í stjórn en Reykjavík þrjá. Reykjavík fær samkvæmt tillögunum 12 fulltrúa í fulltrúaráð en landsbyggðakjördæmin 9 fulltrúa nema Suðurkjördæmi sem fær 10.

F.h. stjórnar SSA

*Smári Geirsson
formaður*